

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

755. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 13. ágúst 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð 211. fundar skipulags- og umhverfissráðs.
2. Aðalfundarboð Sorpsamlags Strandasýslu.
3. Bréf fræðslu- og félagsmálastjóra
4. Bréf Lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
5. Áætlun Hvammstangahafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum
6. Bréf Eftirlitsnefndar, frá síðasta fundi..

Afgreiðslur:

1. Lögð fram fundargerð 211. fundar skipulags- og umhverfissráðs. Fundargerð í 7 liðum. 6. liður fundargerðarinnar borinn upp sérstaklega en það er bréf frá Hlöðunni ehf. þar sem óskað er eftir skýringu og rökstuðningi á því hvers vegna framkvæmdir við torgið „Brúarhvam“ hafi ekki verið grenndarkynntar. Byggðarráð samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfissráðs á þessu máli og áréttar að í 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að „skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda“. 6. liður samþykktur með 3 atkvæðum samhljóða og aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir samhljóða með 3 atkvæðum.
2. Lagt fram fundarboð á aðalfund Sorpsamlags Strandasýslu, sem haldinn verður á Hólmarvík þann 23. ágúst n.k. Samþykkt að tilnefna Skúla Þórðarson, sveitarstjóra sem fulltrúa sveitarfélagsins. Sigurður Kjartansson er fulltrúi í stjórn.
3. Lagt fram til kynningar bréf fræðslu- og félagsmálastjóra, um starfsþróunardag sem haldinn verður í Félagsheimilinu á Hvammstanga þann 15. ágúst nk. fyrir starfsfólk grunnskóla og leikskóla beggja Húnavatnssýslna og Strandabyggð. Fulltrúa sveitarstjórnar og fulltrúa fræðsluráðs er boðið að taka þátt í starfsþróunardeginum milli klukkan 9 og 12:30.
4. Lagt fram bréf Lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar hrl. dags. 31. júlí s.l. þar sem farið er fram á skaðabætur til handa H.H Gámaþjónustu ehf. vegna uppsagnar á verksamningi um sorphirðu frá 21. nóvember 2007. Í samræmi við minnisblað Landslaga dagssett 31. október 2011 sem unnið var fyrir sveitarfélagið hafnar byggðarráð erindinu. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.
5. Lögð fram „Áætlun Hvammstangahafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum.“ Byggðarráð samþykkir framlagða áætlun.
6. Tekið til afgreiðslu bréf Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga, sem frestað var á fundi 16. júlí s.l. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að svara Eftirlitsnefndinni og vekja athygli hennar á að sveitarfélagið hafi nú þegar skilað inn fjárhagsáætlun 2012 sem og þriggja ára áætlun fyrir árin 2013 – 2015 með jákvæðri niðurstöðu.

Fundargerð upplestin

Fundi slitið kl: 15:25

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Leó Örn Þorleifsson

Elín R. Líndal.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.